

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Alþingi, Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Ísafirði 8. desember 2010

Umsögn til Alþingis frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með vísan til efnis á vef Alþingis varðandi frumvarp til laga um skeldýrarækt. Löggjafarþing 139 – 201. mál.

Frumvarpið um sama efni var lagt fram á 138. löggjafarþingi, gerði Fjórðungssambandið verulegar athugasemdir við frumvarpið enda nær engu litið til aðkomu stjórnslu sveitarfélaga né heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Fjórðungssambandið lagði einnig mikla áherslu á mikilvægi skipulags strandsvæðisins og samstarf hagsmunaaðila og fagaðila í héraði um slíkt verkefni og slíkt verkefni væri þegar hafið þ.e. *nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Vestfjarða*. Hér er fylgt eftir stefnu vestfirskra sveitarstjórna sem kemur fram í ályktunum Fjórðungþings Vestfirðinga, að skipulag af slíku tagi sé til lengri tíma litið eitt af lykilatriðum að framtíðarþróun samfélaga, atvinnulífs og verndun umhverfis.

Frá því frumvarp um skeldýrarækt kom fram á þingi nú í maí s.l., hafa verið stigin ákveðin skref varðandi nýtingaráætlun fyrir strandsvæði. Hrint hefur verið í framkvæmd verkefnis um gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæðis Arnarfjarðar sem hluti af stærra verkefni sem hér að framan er greint frá. Kallaður hefur verið saman skipulagshópur þar sem fulltrúar sveitarfélaga og hagsmunaaðilar eiga aðkomu að. Markmiðið er að þróa aðferðarfræði á þessu sviði, mat á gögnum og væntanlega vöntun á gögnum til þess að byggja ákvarðanir á þessu sviði. Miðað er við að verkefninu verði lokið undir lok næsta árs. Verkefnið nýtur stuðnings ráðneyta og stofnana þeirra þ.e. umhverfisráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis áuk Vaxtarsamnings Vestfjarða og Náttúruverndarsjóðs Pálma Jónssonar.

Í október s.l. skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd sem hefur það hlutverk að gera úttekt á þeim lögum og reglum, sem gilda um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni. Nefndin er skipuð fullrúum ráðuneyta og stofnana þeirra auk Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin hefur nú óskað eftir aðkomu Fjórðungssambands Vestfirðinga og fleiri aðila, að vinnuhópi til að fara yfir þessi mál, er þar miðað við að ljúka vinnu fyrir lok janúar n.k..



Á sviði skipulagsmála og umhverfismála eru nú að eiga sér stað breytingar er varða umsagnarrétt sveitarfélaga utan lögsögumarka sveitarfélaga til hafsins, með gildistöku nýrra skipulagslaga um komandi áramót. Í frumvarpi til mannvirkjalaga (þingmál nr 78) sem nú liggur fyrir Alþingi, er á sama hátt tryggður umsagnaréttur sveitarfélags vegna mannvirkjagerðar. Einnig liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um stjórn vatnamála (þingmál nr 298) en þar er sett fram skilgreining um strandssjó sem nær eina sjómílu frá grunnlínupunkti.

Af framangreindu má ljóst vera að unnið er á margan hátt að skoðun þessa málaflokks á sveitarstjórnarstigi og á sviði skiplags og umhverfismála sem snerta svið framangreinds frumvarps um skeldýrarækt.

Frumvarp um skeldýrarækt nálgast málaflokkinn út frá nýtingu auðlindar, heilnæmi og stjórnsýslu þessara þátta. Meiri nálgun er nú í frumvarpinu en í frumvarpi sem lagt var fram á síðast vori og er það jákvætt. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur hinsvegar of skammur tími sé gefin er til umsagnar um frumvarpið. Horfa verður til þeirrar vinnu sem nú er þegar er hafin sem og breytingar í lagaumhverfi er varða strandsvæðið. Hér verður að gefa meiri tíma til umræðu um markmið og stefnu stjórnvalda í þessum málaflokki. Það er hinsvegar ljóst að hröð þróun á sér nú stað í nýtingu strandsvæðisins og það þrýstir á að setja ákveðin lagaramma um skipulag og nýtingu þess.

Sé það hinsvegar vilji Alþingis að frumvarp þetta nái fram að ganga þá vill Fjórðungssamband Vestfirðinga senda að nýju umsögn sem gerð var við frumvarpið um skeldýrarækt sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi (sjá viðauka). Að auki er tekið undir þær viðtæku athugasemdir sem koma fram í umsögn sambands íslenskra sveitarfélaga dags 30. nóvember s.l., er varða skamman umsagnarfrest umsagnaraðila (smbr 5, 6., 9. og 17. gr), tengsl við skipulagslög og mannvirkjalög (smbr. 1.gr, 3. gr og 7. gr), aðkomu heilbrigðisnefnda sveitarfélaga (12. gr og þá nýtt ákvæði) og heilnæmiskönnun (smbr 8. gr).



Til viðbótar þeim athugasemdum sem hér eru framan eru kynntar þá eru það tvö atriði sem Fjórðungssamband Vestfirðinga telur mikilvæg.

Annarsvegar er varðar auðlindanýtingu og sérstöðu svæða. Frumvarp til laga um skeldýrarækt rammast innan þeirra túlkunar nógildandi laga að um auðlindir þjóðarinnar, að sjávarmassinn innan efnahagslögsögu Íslands sé alfarið undir stjórn ríkisins. Því sé það alfarið ríkisins að stýra og hafa eftirlit með nýtingu þessara auðlindar. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur hinsvegar nauðsyn á að það sé skoðað að þegar landfræðilegar aðstæður bjóða upp á að nýta slíkar auðlindir til s.s. atvinnustarfsemi, þá beri að líta til slíkrar sérstöðu svæða og tryggja þeim aukna aðkomu að stjórnun og hlutdeild í afrakstri þeirrar nýtingar sem þar fer fram

Hinsvegar varðandi 2. gr frumvarpsins þar sem segir að ákvæði laganna gildi einnig um skrádýr (s.s. sæbjúgu og ígulker), möttuldýr (s.s. sæsveppi) og sæsnigla (s.s. beitukóng). Ekki er minnst frekar á tilgang þess að þessar tegundir í lagagreinum frumvarpsins né í greinargerð þess. Þessar tegundir eru ekki ræktaðar sem slíkar í dag, en þær eru hinsvegar mjög staðbundnar og hafa við veiðar á þeim komið upp árekstrar um nýtingu s.m.b. reglugerð um veiðar á sæbjúgum Nr. 1051/2009. Vel má hugsa sér að framangreindar tegundir verði ræktaðar í framtíðinni. Í sinni einföldustu mynd að einfaldlega að vernda svæði gegn veiðum og “uppskera” á hagfelldasta tíma með tilliti til markaða. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur æskilegt að sjávarútvegs – og landbúnaðarnefnd afli nánari upplýsinga um markmið laganna hvað þessar tegundir varðar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Viðauki. Umsögn Fjórðungssamband Vestfirðinga, Frumvarp til laga um skeldýrarækt dags. 14. maí 2010